

REIKNINGUR**Samvinnubanka Íslands 1983.****Rekstrarreikningur Samvinnubanka Íslands hf. og Stofnlánadeildar samvinnufélaga fyrir árið 1983.**

Rekstrartekjur:	Kr.
Vextir og verðbætur af útlánunum	594 879 203,35
Vextir og verðbætur af innstæðum í Seðlabanka	124 277 404,73
Aðrar vaxtatekjur	1 030 163,42
Reiknuð tekjufærsla vegna verðlagsbreytinga	14 072 000,00
Þóknun og aðrar þjónustutekjur	26 574 593,94
Aðrar tekjur	7 438 498,34
	<hr/>
	768 271 863,78
Rekstrargjöld:	
Vextir og verðbætur af innlánunum	424 431 688,55
Vaxtagjöld til Seðlabanka	52 963 831,37
Önnur vaxtagjöld	156 360 778,14
Laun og launatengd gjöld	58 653 122,00
Annar rekstrarkostnaður	44 096 257,63
Landsútsvar	803 861,00
Framlag til afskriftareiknings útlána	5 105 083,63
Framlag vegna lífeyrisskuldbindinga	868 302,30
Afskriftir fastafjár	6 727 442,95
	<hr/>
	750 010 367,57
Hagnaður fyrir tekjuskatt	18 261 496,21
Tekju- og eignarskattur	7 811 000,00
	<hr/>
Hagnaður ársins	10 450 496,21

Efnahagsreikningur Samvinnubanka Íslands hf. og Stofnlánadeildar samvinnufélaga 31. desember 1983.**Eignir:**

Sjóður og bankainnstæður:	Kr.
Sjóður	6 973 418,60
Seðlabanki, viðskiptareikningur	4 971 234,06
Seðlabanki, óverðtryggt bundið fé	216 146 168,19
Seðlabanki, verðtryggt bundið fé	152 448 613,89
Seðlabanki, gjaldeyrisreikningur	653 638,00
Aðrar bankainnstæður	
	<hr/>
	381 193 072,74

Erlendar eignir:	
Sjóður	122 592,54
Útlán:	
Yfirdráttarlán	53 599 317,97
Afurða- og rekstrarlán	248 077 266,89
Víxlar	54 107 184,58
Skuldabréf	126 451 432,19
Verðtryggð lán	936 820 236,66
Innleystar ábyrgðir	4 736 614,41
	<hr/>
	1 423 792 052,70
Afskriftareikningur útlána	(11 166 340,00)
	<hr/>
	Útlán samtals 1 412 625 712,70
Ýmsir eignarliðir:	
Áfallnir vextir	134 579 422,54
Langtímakostnaður	971 764,00
Hlutabréf og stofnframlög	2 178 403,89
Ýmsar eignir	13 543 703,54
	<hr/>
	151 273 293,97
Fastafé:	
Fasteignir	146 530 655,50
Húsbúnaður og annað	19 928 668,60
	<hr/>
	166 459 324,10
	<hr/>
	Eignir samtals 2 111 673 996,05

Skuldir og eigið fé:

Veltiinnlán:	Kr.
Hlaupareikningar	70 006 734,33
Ávísanareikningar	107 805 184,79
	<hr/>
	177 811 919,12
Spariinnlán:	
Almennar sparisjóðsbækur	512 078 879,15
Sparireikningar með uppsögn	181 423 560,67
Verðtryggðir reikningar	447 650 854,23
	<hr/>
	1 141 153 294,05
Gjaldeyrisreikningar	654 010,05
	<hr/>
	Innlán samtals 1 319 619 223,22
Seðlabanki Íslands:	
Endurseld afurða- og rekstrarlán	171 343 202,00
Endurseld önnur lán	17 319 796,00
Víxillán	60 000 000,00
	<hr/>
	248 662 998,00

Aðrar skuldir:

Innlent lánsfé endurlánað	369 493 371,03
Innheimt fé fyrir aðra	4 439 967,26
Áfallnir og fyrirframgreiddir vextir	9 991 141,58
Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna	8 606 548,32
Ýmsar skuldir	10 511 352,32
	<hr/>
	403 042 380,51

Skuldir samtals 1 971 324 601,73

Eigið fé:

Hlutfé	28 125 000,00
Varasjóður	17 176 925,70
Endurmatsreikningur	82 722 884,02
Óráðstafað eigið fé	12 324 584,60
	<hr/>
	140 349 394,32

Skuldir og eigið fé samtals 2 111 673 996,05

Utan efnahagsreiknings:

Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	58 056 616,55
-------------------------------------	---------------

SAMÞYKKT**um sorphreinsun í Eyrarbakkaheppi.**

1. gr.

Eyrarbakkaheppur annast eða býður út sorphreinsun frá íbúðarhúsnæði og opinberum þjónustubyggingum innan skipulagðra svæða á Eyrarbakka. Hreinsun sorps og úrgangs frá atvinnuhúsnæði og húsnæði utan skipulagðra svæða annast húseigendur sjálfir á sinn kostnað nema annað sé sérstaklega ákveðið af hreppsnefnd.

Sorphreinsun fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og undir eftirliti heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Sorp sem fellur til daglega skal láta í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir. Pokunum skal komið fyrir í þar til gerðum sorpskáp eða sérstakri grind með viðeigandi frágangi og loki yfir. Húseigandi ber allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorpskápa og sorpgrinda og ber að sjá um að grindur eða skápar séu í góðu ásigkomulagi. Sorphirslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphreinsunarmenn og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum, sorpgrindum og sorpskápum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

3. gr.

Húseiganda ber að sjá um, að húsi hans fylgi nægjanlega mörg sorpílát, sem endurnýjuð skulu eftir þörfum. Skal hverju húsi fylgja a. m. k. eitt ílát fyrir hverja íbúð. Húseiganda ber að skipta um poka fyllist þeir milli tæminga og ganga þannig frá þeim, að sorp hrynji ekki úr þeim.